



# FUNDARGERÐ 38. ÁRSÞINGS

*sem haldið var á Selfossi  
30. og 31. október 1987*





38. Ársping L.H. haldið á Hótel  
Selfossi, 30. og 31. okt. 1987.

D A G S K R Á

Föstud. 30. okt.:

- |                  |                                                                                                                                                                                                   |
|------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <u>Kl. 11.00</u> | Þingsetning, Leifur Kr. Jóhannesson form. L.H.<br>Kjörbréfanefnd skilar álitum.<br>Tilnefning Þingforseta og kosning ritara.<br>Ávörp gesta.<br>Skýrsla stjórnar: Formaður L.H.<br>Gjaldkeri L.H. |
| <u>Kl. 12.30</u> | Matarhlé.                                                                                                                                                                                         |
| <u>Kl. 13.30</u> | Umræður um skýrslu stjórnar.<br>Tillögur lagðar fram og vísað til nefnda.                                                                                                                         |
| <u>Kl. 14.30</u> | Tillaga millipinganefndar um framtíðarskipan<br>lands-og fjórðungssmóta. Framsögum.: Sigurður<br>Haraldsson, Kirkjubæ.<br>Erindi Brynjólfs Sandholts: Eru veðreiðar tímabærar.                    |
| <u>Kl. 15.30</u> | Kaffihlé.                                                                                                                                                                                         |
| <u>Kl. 16.00</u> | Umræður um framsöguerindin.                                                                                                                                                                       |
| <u>Kl. 17.00</u> | Nefndir hefja störf.                                                                                                                                                                              |
| <u>Kl. 19.00</u> | Matarhlé.                                                                                                                                                                                         |
| <u>Kl. 20.00</u> | Nefndastörf - framhald.                                                                                                                                                                           |

Laugard. 31. okt.:

- |           |                                                           |
|-----------|-----------------------------------------------------------|
| Kl. 9.00  | Nefndir skila álitum og umræður.                          |
| Kl. 12.00 | Matarhlé.                                                 |
| Kl. 13.00 | Fundi fram haldið.                                        |
| Kl. 15.00 | Kaffihlé.                                                 |
| Kl. 15.30 | Kosningar: a. Stjórn og varastjórn.<br>b. Endurskoðendur. |
| Kl. 18.00 | Þingslit.                                                 |

- |                  |                                                                     |
|------------------|---------------------------------------------------------------------|
| <u>Kl. 20.00</u> | Hestamannafélagið Sleipnir tekur á móti<br>gestum á Hótel Selfossi. |
|------------------|---------------------------------------------------------------------|

- |                  |                                         |
|------------------|-----------------------------------------|
| <u>Kl. 20.30</u> | Kvöldverður og skemmtidagskrá.<br>Dans. |
|------------------|-----------------------------------------|





### 38. ársþing Landssambands hestamannafélaga.

38. ársþing Landssambands hestamannafélaga var haldið á Selfossi dagana 30.-31. okt. 1987.

Formaður L.H. Leifur Kr. Jóhannesson setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna. Einnig bauð hann velkomna gesti þingsins. Hann minntist fjögurra látinna félaga, þeirra: Aðalsteins Þorgeirssonar, Mosfellsbæ; Boga Eggertssonar, Reykjavík; Símonar Teitssonar, Borgarnesi og Sveins Jóhannssonar, Varmalæk.

1. Kjörbréfanefnd skilaði álit. Þorleifur Pálsson gerði grein fyrir starfi nefndarinnar og las upp nöfn þingfulltrúa.

Eftirtaldir voru mættir:

Frá Andvara, Garðabæ:

Elísabet Þ. Þórólfsdóttir og Sverrir Hallgrímsson.

Frá Blakk, Strandasýslu:

Eyjólfur Vilhelmsson.

Frá Blæ, Norðfirði og Eskifirði:

Jón Finnur Hansson.

Frá Dreyra, Akranesi og nágrenni:

Kristján Baldursson og Samúel Ólafsson.

Frá Faxa, Borgarfirði:

Guðrún Fjeldsted, Sigurður Halldórsson, Guðmundur Sigurðsson og Ólöf Guðbrandsdóttir.

Frá Fákí, Reykjavík:

Birgir Rafn Gunnarsson, Þorgeir Ingvason, Sigurbjörn Bárðarson, Katrín Briem, Brynjólfur Sandholt, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Ragnar Tómasson, Guðmundur Ólafsson, Viðar Halldórsson, Valdimar Kr. Jónsson og Gunnar Arnarson.

Frá Feyki, Öxarfirði:

Guðmundur Theodórsson.

Frá Félagi tamningamanna:

Benedikt Þorbjörnsson og Erling Sigurðsson.

Frá Freyfaxa, Fljótsdalshéraði:

Jón Bergsson, Guðmundur Þorleifsson, Jóhanna Kristjánsdóttir og Bergur Jónsson.

Frá Funa, Eyjafirði:

Óttar Björnsson og Jónas Vigfússon.

Frá Geysi, Rangárvallasýslu:

Eggert Pálsson, Kristinn Guðnason, Guðmundur Einarsson, Steinþór Runólfsson og Árni Jóhannsson.

Frá Glað, Dalasýslu:

Marteinn Valdimarsson og Skjöldur Stefánsson.

Frá Glófaxes, Vopnafirði:  
Ómar Þ. Björgólfsson.

Frá Glæsi, Siglufirði:  
Hákon Antonsson.

Frá Gnýfara, Ólafsfirði:  
Sigurður Andrés Kristinsson.

Frá Grana, Húsavík:  
Stefán Haraldsson.

Frá Gusti, Kópavogi:  
Þorleifur Pálsson, Stefán Pálsson, Kári Arnórsson, Þorkell Jónsson og Bjarni Sigurðsson.

Frá Háfeta, Þorlákshöfn:  
Dagbjartur R. Sveinsson.

Frá Hornfirðingi, A.-Skaft.:  
Gunnar Sighvatsson og Harpa Baldursdóttir.

Frá Hring, Dalvík og Svarfaðardal:  
Þorsteinn Hólm Stefánsson og Baldur Þórarinnsson.

Frá Herði, Mosfellsbæ og Kjósarsýslu:  
Sigríður Johnsen, Sesselja Guðjónsdóttir, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Einarsson og Guðmundur Hauksson.

Frá Kinnskæ, A.-Barðastrandarsýslu:  
Halldór Gunnarsson.

Frá Kóp, V.-Skaftafellssýslu:  
Sigurður Kristinsson og Anna Harðardóttir.

Frá Léttfeta, Sauðárkróki:  
Sveinn Guðmundsson, Ingimar Ingimarsson og Sigurjón Gestsson.

Frá Létti, Akureyri:  
Jón Ól. Sigfússon, Björn Jónsson, Hólmgeir Valdimarsson og Reynir Hjartarson.

Frá Ljúf, Hveragerði og Ölfusi:  
Halldór Guðmundsson og Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Frá Loga, Biskupstungum Árn.:  
Þráinn Jónsson og Kristinn Antonsson.

Frá Mána, Suðurnesjum:  
Jóhannes Sigurðsson, Sigurður Kolbeinsson og Vilberg Skúlason.

Frá Neista, Blönduósi og nágrenni:  
Sigríður Hermannsdóttir og Grímur Gíslason.

Frá Óðni, A.-Húnavatnssýslu:  
Guðmundur Valtýsson.

Frá Sindra, Mýrdal og Eyjafjallasveit:  
Guðlaugur V. Antonsson, Albert Jóhannsson og Hermann Árnason.

Frá Sleipni, Selfossi og nágrenni:  
Jónas Lilliendahl, Már Ólafsson, Steinþór Guðmundsson, Sveinn Sigurmundsson og Helgi Eggertsson.

Frá Smára, Hreppum Árn.:

Sigfús Guðmundsson, Haraldur Sveinsson, Sigurgeir Sigmundsson og Jón Vigfússon.

Frá Snæfaxa, Distilfirði:

Skúli Ragnarsson.

Frá Snæfellingi:

Tryggvi Gunnarsson, Högni Bæringsson, Ólafur Kristjánsson og Ragnar Hallsson.

Frá Stíganda, Skagafirði:

Sigurður Ingimarsson, Jóhann Þorsteinsson og Grétar Geirsson.

Frá Stormi, Vestfjörðum:

Bragi Björgmundsson og Þorkell Þórðarson.

Frá Svaða, Hofsósi og nágrenni:

Gísli Sverrir Halldórsson og Símon Gestsson.

Frá Sörla, Hafnarfirði:

Eggert Hvanndal, Ágúst Oddsson, Sveinn Jónsson, Pjetur N. Pjetursson og Sigurður Sigmundsson.

Frá Trausta, Laugardal og Grímsnesi Árn.:

Elín Lára Sigurðardóttir og Karen Jónsdóttir.

Frá Þjálfu, S.-Þing.:

Jón Heiðar Steinþórsson og Kolbrún Úlfisdóttir.

Frá Þráni, Höfðahverfi og Svalbarðsströnd S.-Þing.:

Björn Ingason.

Frá Þyt, V.-Húnavatnssýslu:

Guðmundur Sigurðsson og Eggert Pálsson.

Frá Dómarafélagi L.H. Án atkvæðisréttar:

Agnar Kristjánsson.

Frá Íþróttaráði L.H. Án atkvæðisréttar.

Pétur Jökull Hákonarson.

2. Kosning starfsmanna. Þingforsetar voru kjörnir þeir Snorri Ólafsson, Sleipni og Eggert Pálsson, Geysi.  
  
Ritarar voru kjörnir Albert Jóhannsson, Sindra, formaður, Karen Jónsdóttir, Trausta, Jón Vigfússon, Smára, Jóhanna Kristjánsdóttir, Freyfaxa og Sesselja Guðjónsdóttir, Herði.  
  
Teljarar voru kjörnir Þorkell Jónsson, Gusti og Sveinn Sigurmundsson, Sleipni.
3. Jón Helgason landbúnaðarráðherra flutti ávarp og árnaði þinginu og Landssambandi hestamanna heilla.
4. Skýrsla stjórnar.  
Leifur Kr. Jóhannesson flutti skýrslu stjórnar. Á árinu voru haldnir 11 stjórnarfundir og voru þeir allir boðaðir bæði aðal- og varastjórn.  
Skrifstofa L.H. er í Bændahöllinni og er það ágætt húsnæði.



Framkvæmdastjórinn, Guðmundur Ó. Guðmundsson, er eini fasti starfsmaður samtakanna.

Tillögur og ályktanir síðasta ársþings.

- A. Kolbrún Kristjánsdóttir var ráðin í hlutastarf sem æskulýðsfulltrúi.
- B. Tillögu um kynningu á hestamennsku fyrir byrjendur var vísað til vinnuhóps.
- C. Tillaga um rannsóknir er tengjast ónæmiskerfi hrossa var send til landbúnaðarráðuneytisins.
- D. Tillaga um notkun reiðhjálma var send öllum hestamannafélögum.
- E. Tillaga um dómstörf var send stjórn Dómarafélagsins.
- F. Stjórn L.H. ákvað að fjölga nefndarmönnum í millipinganefnd um endurskoðun á framkvæmd fjórðungs- og landsmóta úr 5 í 7. Nefndin skilaði álitni til L.H. 22. maí sl.
- G. Síðasta ársþing kaus þrjá menn í millipinganefnd til þess að fjalla um hugsanlegan útflutning á sæði stóðhesta. Nefndin hefur haldið einn fund og fékk þá Þorkel Bjarnason til liðs við sig. Reiknað er með að nefndin starfi áfram og þá í samvinnu vil félag hrossabænda og Hrossar.samb. Íslands.

Útgáfumál og þ.h.

Bókin Áfangar kom út fyrir síðustu jól. Ferðanefnd L.H. safnaði efninu og bjó til prentunar. Á þessu ári kemur út 35 ára afmælisrit L.H. ritað af Steinþóri Gestssyni. Landssambandið gaf út Hestinn okkar eins og áður og vísast til skýrslu ritnefndar þar um.

Öryggismál og fl.

Að gefnu tilefni skrifaði L.H. bréf og sendi dómsmálaráðuneyti þar sem vakin var athygli á umferð unglinga á "dvergjeppum" á reiðleiðum í nágrenni þéttbýlis. Eiga hestamenn sjálfir mest undir því, að hér sé allt í lagi og þess vegna er vakin athygli á þessu.

Geisli í Breiðdal sendi stjórn L.H. inntökubeiðni þann 19. maí s.l. Stjórnin hefur samþykkt aðild félagsins að L.H.

Félagsbúningar:

Í ársbyrjun bað skrifstofa L.H. öll félögin um lýsingu á gildandi félagsbúningum, svo og ljósmynd.

Reiðvegafé:

Á stjórnarfundum 25.2. var gengið frá svohljóðandi úthlutun:

|                       |              |
|-----------------------|--------------|
| Funi, Eyjafirði       | kr. 380 þús. |
| Léttir, Akureyri      | " 240 "      |
| Gnýfari, Ólafsfirði   | " 30 "       |
| Glæsir, Siglufirði    | " 70 "       |
| Þráinn, Höfðahverfi   | " 30 "       |
| Léttfeti, Sauðárkróki | " 90 "       |

|                      |             |
|----------------------|-------------|
| Stígandi, Skagafirði | kr. 20 þús. |
| Neisti, Blönduósi    | " 50 "      |
| Þytur, Hvammstanga   | " 90 "      |
| <hr/>                |             |
| kr.1000 þús.         |             |

|                                                    |              |
|----------------------------------------------------|--------------|
| Eftirstöðvar frá fyrra ári vegna Smára, Árnessýslu | kr. 20 þús.  |
| og Storms, Vestfjörðum                             | " 20 "       |
| Sleipnir, Selfossi                                 | " 40 "       |
| Heildarúthlutun árið 1987                          | kr.1040 þús. |

Samningar við Félag tamningamanna:

Stjórn L.H. lítur svo á að það sé í verkahring Félags hrossabænda að gera samning við F.T. um tamningagjald. Samkomulag er milli Félags tamningamanna annars vegar og Landssambands hestamannafélaga og Félags hrossabænda hins vegar, um viðmiðunargjald fyrir tamningar veturinn 1986-1987. Samningur er um laun reiðkennara innan Félags tamningamanna annars vegar og Landssambands hestamannafélaga hins vegar.

Mótadagar félaganna:

Skrifstofan vann úr umsóknum félaganna um mót. Reynt var að forðast það, að nærliggjandi mót væru haldin samtímis. Dómarafélag L.H. raðar dómurum niður á mótin.

Svæðisfundir voru haldnir á Kirkjubæjarklaustri með félögum úr Kópi, einnig með Sindrafélögum að Skógaskóla og á Höfn með félögum í Hornafirði.

Ferðamál hestamanna voru sérstaklega til umræðu á ársþinginu á Egilsstöðum 1986. Þar var ályktað um ferðamál í 5 liðum og stjórn L.H. falið að fylgja þeim ályktunum eftir.

- Um samræmda gjaldskrá vegna náttstaða í sumarferðalögum hestamanna er ekki að ræða.
- Þingsályktun var lögð fyrir síðasta Alþingi um reiðvegagerð á Íslandi, en var ekki afgreidd á því þingi.
- Á árinu 1987 var eftirtöldum félögum lofað styrk til áningahólfa, kr. 50 þús. á hvert hólf:  
Funa, Létti og Þjálfar v/hólfs við Laugafell.  
Feyki, Þjálfar, Grana og Létti vegna hólfs í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.  
Stormi á Vestfjörðum vegna hólfa í Arnarfirði og Önundarfirði.  
Geysi í Rang. vegna hólfs í Þórsmörk.  
Loga í Bisk. Árn. vegna hólfs nálægt Gullfossi.
- EKKI er mikið skráð í lögum um umferðarrétt hestamanna, sérstaklega. Hann tengist almennum umferðarrétti eins og hann er skráður í lögum og reglugerðum.
- Stjórn L.H. hefur ekki treyst sér til að hlutast til um skipan nefndar til þess að gera tillögur um framtíðarskipulag hestferða eins og síðasta ársþing ályktaði. Formaður og framkvæmdastjóri ræddu við Birgi Þorgilsson ferðamálastjóra í framhaldi af erindi hans á ársþinginu.



Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri kom á stjórnarfund og ræddi hestaferðir og gróðurvernd. Í ráði er að stjórn L.H. eigi viðræður við þá aðila er tengjast hestaferðum.

Í Skógarhólum í Þingvallasveit var starfsemi með hefðbundnum hætti. Einar Ármannsson úr Hafnarfirði var vörslumaður í sumar.

Á Hveravöllum var gert við áningahólfið, einnig í Hvítárnesi, en þar sá Landgræðslan um lagfæringu. Þriðja hólfið er í Álftakrika við Norðlingafljót.

Kvikmyndun á síðasta landsmóti var með venjubundnum hætti. Hugsanlegt er að öðru vísi verði staðið að myndatökum á landsmótum í framtíðinni. Með tilkomu nýrrar myndatökutækni eða að bjóða myndatökuna út á einkaleyfi gegn því að L.H. fái sína mynd fyrir.

Reiðhöllin í Víðidal var vígð við hátíðlega athöfn 10. júní sl.

Stofnun reiðskóla var til umfjöllunar hjá L.H. Nefnd hefur fjallað um málið og liggur álit hennar hjá búfræðinefnd til athugunar. Boðað var til fundar þar sem kosin var þriggja manna nefnd til viðræða um landbúnaðarráðuneytið.

Í nefndina voru kosnir:

Gísli B. Björnsson, Gunnar Árnason og Jón Bjarnason.

Þóri Lárussyni kennara í hrossarækt og hestam. var falið af landbúnaðarráðuneytinu að gera tillögu að námsskrá fyrir reiðskóla.

Millipínganefndin, sem skipuð var til þess að fjalla um framtíðarskipulag lands- og fjórðungsmóta sendi Búnaðarfélagi Íslands tillögur sínar og bað það að leita álits sýningarnefndar, um þann þátt er varðar kynbótahrossin. Sýningarnefndin telur ekki ástæðu til þess að gera veigamiklar breytingar á undirbúningi og framkvæmd kynbótasýninga á lands- og fjórðungsmótum.

Fjórðungsmót var haldið á Norðurlandi á Melgerðismelum í lok júnímánaðar.

EM/HM í Austurríki var haldið um miðjan ágúst.

Íslandsmótið í hestaíþróttum var haldið í Svarfaðardal dagana 18. og 19. júlí.

Landbúnaðarsýning var í Reiðhöllinni í ágúst.

Í fræðsluskyni til handa byrjendum var tilbúið handrit að bæklingi um umhirðu og meðferð hesta, ákveðið var að auka við þann bækling og setja inn þátt um reiðmennsku. Fræðslunefnd og Hesturinn okkar hafa ákveðið að boða nokkra byrjendur til fundar auk þess að skrá niður á blað og dreifa til hestamannafélaga upplýsingum um lesefni fyrir byrjendur.

Æskulýðsmál: Síðasta ársþing samþykkti einum rómi að verja allt

að 150 þús.kr. til ráðningar æskulýðsfulltrúa og tók Kolbrún Kristjánsdóttir í Rauðuvík starfið að sér.

Um val á landsmótsstað: Eins og mælt er fyrir í samþykktum ársþingsins bar stjórn L.H. að taka ákvörðun um næsta stað fyrir landsmót eða innan árs frá síðasta landsmóti.

Stjórn L.H. sendi hestamannafélögunum á Norðurlandi bréf hinn 26. mars sl. þar sem þau voru spurð um eftirfarandi:

1. Hvort viðkomandi félag byði fram stað til landsmótshaldsins.
2. Hafi félagið ekki stað fyrir landsmótið, þá komi það fram hvar það telji æskilegt að halda mótið.
3. Hvort félagið væri tilbúið til að standa að mótahaldinu með öðrum hestamannafélögum á Norðurlandi óháð því hvar það yrði haldið.

Sextán félög svöruðu en eitt ekki. Tveir staðir voru boðnir fram Melgerðismelar og Vindheimamelar. Níu félög vildu að mótið yrði haldið á Vindheimamelum, 6 félög vildu halda það á Melgerðismelum og eitt félag tók ekki afstöðu til staðarvalsins.

Tvö félög úr Eyjafirði tóku það fram að þau myndu ekki standa að framkvæmd væntanlegs landsmóts nema það yrði á Melgerðismelum. Í framhaldi af þessu tók stjórn L.H. ákvörðun um stað fyrir landsmótið.

Tveir kusu að hafa það á Melgerðismelum, en fimm á Vindheimamelum og urðu Vindheimamelar því fyrir valinu sem næsti landsmótsstaður.

Gæðinga- og unglinganefnd hélt 4 fundi á starfstímabilinu og komst að þeirri niðurstöðu að ekki sé ástæða til að gera röt-tækar breytingar á reglum um gæðinga- og unglingakeppni heldur beri að setja starfsreglur um framkvæmd úrslitakeppni.

Dagana 23. og 24. maí var haldið námsskeið fyrir héraðsdómara á Hólum í Hjaltadal og útskrifaðir voru 13 nýliðar.

Nefndinni barst bréf frá Gunnar Egilssyni hvar hann segir sig úr nefndinni. Rosemarie Þorleifsdóttir tók sæti hans.

Stjórnarfundir íþróttaráðs L.H. voru 4.

Í nefnd sem starfaði að undirbúningi HM/EM í Austurríki voru:

Pétur Jökull Hákonarson formaður, Sveinn Jónsson gjaldkeri, Guðmundur Jónsson ritari, Sigurður Sæmundsson, Hafliði Gíslason, Hallgrímur Jóhannsson og Stefán Friðgeirsson. Sveinn Jónsson var yfirdómari H.M. í Austurríki og aðrir dóm-arar fyrir Íslands hönd voru Pétur Jökull Hákonarson og Hafliði Gíslason.

Átta félög hafa stofnað íþróttadeild og sótt um inngöngu í viðkomandi héraðssamband í.S.Í. og eru 18 íþróttadeildir búnar að ákveða að ganga inn í viðkomandi héraðssambönd. Von er til að stofnað verði sérsamband hestamanna innan í.S.Í. og ef af verður, verður íþróttaráð L.H. sem slíkt lagt niður, en mun þá framkvæmdastjóri L.H. sjá um allan daglegan skrifstofurekstur sér-sambands hestamanna.



Dómaranámsskeið voru haldin á 3 stöðum: á Hólum í Hjaltadal, Akranesi og í Reykjavík og var það síðasta haldið af íþróttaráði og Ármúlaskólanum.

Íþróttamaður ársins 1986 var valinn Sigurbjörn Bárðarson.

Nær stöðugur útflutningur hrossa hefur átt sér stað á þessu ári og hafa verið flutt út alls 427 hross og þar af 351 lífhross.

FEIF-málefni 1987. Sigurður Ragnarsson hefur setið í stjórn FEIF tvö kjörtímabil. Aðalfundur FEIF var haldinn í Austur-riki og þar mætti fyrir Íslands hönd Pétur J. Hákonarson. Bandaríkin urðu aðilar að FEIF. Bretland stefnir að aðild og Ítalía hefur sýnt mikinn áhuga.

Íþróttadómarar sóttu ráðstefnu til Sviss, þeir Pétur J. Hákonarson og Sveinn Jónsson.

#### Umræður um störf stjórnar:

Jón Ólafur Sigfússon átaldi stjórn L.H. fyrir að ákveða landsmótsstað á Vindheimamelum. Sagði hann að 3 hestamannafélög í Eyjafirði hafi ákveðið á sameiginlegum fundi, að ganga úr landsambandinu náist ekki sættir á þinginu. Þá sagði hann að Eyfirðingar tækju ekki þátt í þingstörfum, en væru til viðræðna og svöruðu fyrirspurnum.

Elísabet Þórólfsdóttir, Andvara sagði sitt álit að stjórn L.H. mæti einskis samþykkt fundar í Varmahlíð 1980, með þessari ákvörðun. Óskaði hún þess, að innan landssambandsins verði unnið af drengskap og heiðarleika.

Guðrún Gunnarsdóttir stjórn L.H. sagði að ekki væri samstaða í stjórn L.H. um staðarval næsta landsmóts. Nú sagði hún að væri síðasta tækifæri til sátta áður en landssambandið klofnaði. Hvatti hún Skagfirðinga til að standa nú upp og afsegja sér landsmótinu.

Kári Arnórsson benti á að þetta væri í annað sinn sem Eyfirðingar sætti sig ekki við gerðir stjórnar L.H. Sagðist hann greiða Vindheimamelum atkvæði sitt, og minnti á niðurstöður sem fengust úr svörum norðlenskra hestamannafélaga við skriflegum spurningalista sem stjórn L.H. sendi þeim.

Skúli Kristjánsson sagði sig tala fyrir hönd Vestlendinga þegar hann segist greiða Vindheimamelum atkvæði sitt. Hann sagði að til álita kæmi að Vestlendingar tækju beinan þátt í rekstri landsmóta. Þá sagði hann það sína skoðun að landsmótsstaðir væru aðeins tveir.

Sverrir Hallgrímsson fór að dæmi Guðrúnar Gunnarsdóttur og hvatti Skagfirðinga til að afsegja sér landsmótinu.

Guðmundur Valtýsson sagði að Eyfirðingar væru í raun að fara fram á að meirihluti stjórnar L.H. fari af skoðun sinni.

Ármann Gunnarsson hafði vonað að deila þessi leystist fyrir þetta þing, en því miður hafi það ekki tekist. Finnst honum liggja yfir vötnum að "negla eigi niður 2 landsmótsstaði". Sagði hann þá tillögu koma 15 árum of seint.

Sigurgeir Sigmundsson sagði þetta ekki eins fagran dag og hann hefði vonað í morgun.

Minnti hann á að fjórðungsmótið í Víðidal kom út með bullandi tapi, sem litlir karlar austur í sveitum væru látnir borga, en Fáksmenn hældu sér af tapinu.

Undraðist hann hve skrifstofukostnaður L.H. væri mikill. Þá var hann óhress með hvað Hestamannafélagið Smári fékk lítið úthlutað úr Reiðvegaskjóði. Stakk hann upp á að tekið væri til lit til félagafjölda og stærð félagssvæðis við útdeilingu á reiðvegafé.

Gunnar B. Gunnarsson skýrði þau atriði í reikningunum sem Sigurgeir minntist á. Þá skýrði hann frá því hvernig Sleipnismenn notuðu það reiðvegafé sem þeim væri úthlutað. Hann sagði að Smári hafi einungis sótt um reiðvegafé til ræsagerðar.

Sigurgeir Sigmundsson sagði að Smári hafi sótt um ótilgetið fjármagn úr Reiðvegaskjóði.

Erling Sigurðsson beindi því til Eyfirðinga, að menn ættu að kunna að taka tapi.

Gísli B. Björnsson vill halda í heiðri Varmahlíðarsamþykkt frá 1980. Tjáði hann Eyfirðingum samúð sína. Hann vill að hagnaður af landsmótum verði varið í að byggja upp landsmótsstaði. Gísli gerði lítið úr þeirri fjárhæð sem innheimt var af félögum sunnan lands vegna taps á FM '85 í Víðidal. Sagðist hann frekar vilja halda glæsilegt landsmót með tapi, en mót sem skilar hagnæði en aðstaða og framkvæmd ábótavant.

Leifur Kr. Jóhannesson sagðist undrandi á að stjórnarmenn L.H. vildu láta líta út, að samstaða væri innan stjórnar um staðarvald landsmóts. Lýsti hann sig fylgjandi því að ákveðnir væru 2 landsmótsstaðir. Hann sagðist vera fylgjandi því að þingið fjallaði um málið. Því aðeins væri von á sáttum.

#### Tillögur lagðar fram og vísað til nefnda:

Formenn nefnda:

- |                               |                                       |
|-------------------------------|---------------------------------------|
| 1. Mótanefnd                  | formaður Stefán Pálsson, Gusti        |
| 2. Fjárhagsnefnd              | formaður Birgir Rafn Gunnarsson, Fáki |
| 3. Kynbótanefnd               | formaður Haraldur Sveinsson, Smára    |
| 4. Gæðinga- og kappreiðanefnd | formaður Guðmundur Jónsson, Herði     |
| 5. Allsherjarnefnd            | formaður Árni Jóhannsson, Geysi       |
| 6. Fræðslu- og útgáfunefnd    | formaður Guðrún Fjeldsted, Faxe       |
| 7. Ferðanefnd                 | formaður Pjetur N. Pjetursson, Sörla  |

Eftirfarandi tillögur voru lagðar fram:

#### Þingskjal nr. 1.

Tillaga frá stjórn L.H. 38. ársþing Landssambands hestamanna, haldið á Selfossi 30.-31. okt. 1987 samþykkir að árgjöld til L.H. á árinu 1988 verði kr. 450.- af hverjum félagsmanni, af félögum sem verða 16 ára á árinu og yngri greiðist kr. 225.-. Til fjárhagsnefndar.

#### Þingskjal nr. 2.

Flytjandi stjórn L.H. Framsögumaður Gunnar B. Gunnarsson gjaldkeri leggur fyrir 38. ársþing L.H. tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 1988. Sent til fjárhagsnefndar.



Þingskjal nr. 3.

Gæðinga- og unglinganefnd L.H. leggur fram eftirfarandi tillögu. 38. ársþing L.H. haldið á Selfossi dagana 30.-31. okt. 1987 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um gæðingakeppni. 2. liður 17. gr. IV. kafla fellur niður og í hans stað kemur:

A-flokkur:

Í upphafi úrslitakeppni í A-flokki skulu eftirfarandi atriði lesin upp fyrir keppendur. Úrslit í A-flokki skulu fara þannig fram: Sýna skal tölt upp í milliferð, allt að tveim hringjum til hvorrar handar. Brokk upp að milliferð allt að tveimur hringjum til hvorrar handar. Sýna skal brokk minnst tvær langhliðar. Sýna skal tvo skeiðspretti og skulu báðir riðnir til sömu handar að höfðu samráði við keppendur (fyrir fram). Á milli skeiða, og þegar skipt er um hring skulu keppendur hægja hesta sína niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirsmæla frá stjórnanda.

B-flokkur:

Í upphafi úrslitakeppni í B-flokki skulu eftirfarandi atriði lesin upp fyrir keppendur: Úrslit í B-flokki skulu fara þannig fram. Sýna skal hægt tölt, einn hring til hvorrar handar. Síðan hægt tölt með hraðanum, upp að milliferð, einn hring til hvorrar handar. Brokk skal riðið með hraðanum að milliferð allt að tvo hringi til hvorrar handar. Að lokum skal sýna greitt tölt, einn hring til hvorrar handar. Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja hesta sína niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirsmæla frá stjórnanda.

Þingskjalið sent gæðinga- og kappreiðanefnd.

Þingskjal nr. 4.

Frá stjórn Dómarafélags L.H. 38. ársþing L.H. haldið á Selfossi 30.-31. okt. 1987 samþykkir viðauka við 13. grein. Á eftir setningunni sem endar á orðunum "sýnir þau atriði sem dæma skal" komi eftirfarandi:  
Noti sýnandi 175 m brautina áður en hann hefur lokið þrem hringjum, ber honum að ljúka sýningu á skammhlið.  
Sent gæðinga- og kappreiðanefnd.

Þingskjal nr. 5.

Flytjandi stjórn L.H., vísað til mótanefndar. 38. ársþing L.H. haldið á Selfossi 30. og 31. okt. 1987 samþykkir svofellda breytingu á reglum um landsmótahald sem samþykktar voru á síðasta ársþingi. 1. liður reglugerðarinnar orðist þannig:  
Ársþing L.H. velur stað fyrir landsmót hverju sinni, að fenginni tillögu frá stjórn L.H. Skal það gert á ársþingi árið eftir síðasta landsmót.

Þingskjal nr. 6.

Flytjandi Hestamannafélagið Sörli. Vísað til allsherjarnefndar. 38. ársþing L.H., haldið á Selfossi dagana 30.-31. okt. 1987 vekur athygli á misjöfnum búnaði til hestaflutninga hérlandis. Af því tilefni skorar þingið á stjórn L.H. að í samráði við yfirvöld verði sett reglugerð um böunað bifreiða og kerra við hestaflutninga.

Þingskjal nr. 7.

Flytjandi Hestamannafélagið Sörli. Vísað til gæðinga- og kappreiðanefnda. 38. ársþing L.H. haldið á Selfossi 30.-31. okt. 1987 samþykkir, að keppt verði framvegis í nýjum flokki gæðinga-keppni, þ.e. í flokki unglina 16-18 ára.

Þingskjal nr. 8.

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir. Vísað til fjárhagsnefndar. 38. ársþing L.H. haldið á Selfossi 30.-31. okt. 1987 samþykkir að félagsmenn 70 ára og eldri verði undanþegnir gjaldskyldu til L.H.

Þingskjal nr. 9.

Flytjandi Hestamannafélagið Dreyri. Vegna 38. ársþings L.H. á Selfossi 30.-31. okt. 1987.

Áskorun: Hestamannafélagið Dreyri skorar á stjórn L.H. að knýja á við Vegagerð ríkisins að fylgt verði eftir samkomulagi frá 7.5. 1982 og gengið frá reiðvegum meðfram þjóðvegum með bundnu slitlagi. Vegakaflar í nánd við þéttbýli hafi forgang.

Þingskjal nr. 10.

Álit millipínganefndar L.H. um fyrirkomulag fjórðungs- og landsmóta. Vísað til mótanefndar.

Sigurður Haraldsson, Kirkjubæ var framsögumaður og var með mjög greinargóðar skýringar með álitinu.

Brynjólfur Sandholt flytur erindi: Eru veðreiðar tímabærar? Flutti hann og útskýrði ýmsan fróðleikinnlendan og erlendan, með aðstoð línurita, talna og myndvarpa. Niðurstaðan var sú að hann taldi möguleika á að veðhlaup gætu snúið við þeirri þróun sem nú er, því aðsókn fer minnkandi að hestamótum auk þess sem umtalsverður hagnaður gæti fengist. Sá hann ekkert því til fyrirstöðu að veðreiðar gætu hafist strax í vor.

Albert Jóhannsson ræddi um álit millipínganefndar. Taldi hann að nefndin hefði ekki í öllu farið eftir því sem fyrir hana var lagt. Vildi hann sjá fleiri álit í átt við álit Jónasar Vigfússonar. Lagði hann fram munnlega tillögu þess efnis að dómur í forskoðun verði látnir gilda og ekki eytt tíma í að dæma aftur á mótsstað, en á mótinu verði aðeins raðað í sæti. Að strangara val yrði á unglingum á stórmótum og að sýningar verði stórar og yfirgripsmiklar. Hugmynd Alberts um hópreið er sú að uppistaðan í hópreiðum verði keppnishross. Hann stakk upp á að til nýbreytni færi fram stigakeppni á milli félaga og fl. s.s. keppni í hestadómum, keppni í að sitja hrekkjótta hesta o.fl.

Skúli Kristjánsson þakkaði Brynjólfi Sandholt og Albert Jóhannsyni fyrir tillögurnar og sagðist vera opin fyrir nýjum hugmyndum um mótahald.

Porkell Bjarnason hrossaræktarráðunautur sagði frá að þingskjal 10 hefði verið tekið fyrir í sýningarnefnd B.Í. Hann lýsti óánægju sinni með A-lið þar sem segir: "Við val hrossa á FM og LM verði framvegis byggt á einkunnum" þar sem að einkunnir



hafi alltaf ráðið valinu. Þorkeli finnst skammtilegt að fá fram góðar 4 v. hryssur á landsmótum en ætlast til að knapar hafi vit á að ofbjóða ekki ungviðinu. Hann var ekki hlynntur tillögu Alberts um að fulldæma við forskoðun en vildi þó gjarnan að hún yrði rædd. Sýningarnefnd B.Í. var ekki sátt við þá tillögu að dómnefndarmenn gæfu einkunnir hver í sínu lagi.

Guðrún Fjeldsted spurði Brynjólf Sandholt hvort ekki væri til athugunar að fyrstu 3 hestar fengju verðlau á verðreið í stað eins og að hvort ekki mætti hafa verðreiðar opnar þannig að hestar sem ekki hafanád tilskildum tíma fái aðgang að keppni.

Fundur var settur 31. okt. kl. 9.15.

Álit fjárhagsnefndar:

Framsögumaður Birgir Rafn Gunnarsson. Þingskjal númer 1 var tekið fyrir og var það samþ. samhljóða. Tillagan var svo-hljóðandi:

38. ársþing Landssambands hestamanna, haldið á Selfossi 30. og 31. okt. 1987 samþykkir að árgjöld til L.H. á árinu 1988 verði kr. 450.- af hverjum félagsmanni. Af félögum, sem verða 16 ára á árinu og yngri greiðist kr. 225.-. Samþ.

Næst var tekið fyrir þingskjal nr. 8. 38. ársþing L.H. haldið á Selfossi 30. og 31. okt. 1987 samþykkir viðauka við 11. grein laga L.H. 1. tölulið: Félagsmenn 70 ára og eldri verði undanþegnir gjaldskyldu til L.H. Tillagan taki gildi á næsta fjárhagsári þ.e. fyrir árið 1989. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Tillaga frá Brynjólfi Sandholt (ónúmeruð): 38. ársþing Lands-sambands hestamanna haldið á Selfossi 30. og 31. okt. 1987 samþykkir að fela stjórn L.H. að kanna möguleika á að endurvekja verðreiðar með það markmið að vekja og auka athygli á kappreiðum og einnig til að skapa tekjumöguleika fyrir starfsemi tengda hestamennsku í landinu. Þingið telur eðlilegt að Hestam.félagið Fákur verði haft í ráðum um framkvæmd þessarar tillögu. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 2.

38. ársþing L.H. haldið á Selfossi 30. og 31. okt. 1987 samþykkir eftirfarandi tillögur að fjárhagsáætlun 1988. Þessi tillaga var samþykkt samhljóða.

Tekjur:

|                                    |              |                  |
|------------------------------------|--------------|------------------|
| 1. Árgjöld félaga:                 |              |                  |
| 6120 fullorðnir á 450.-            | 2.754.000.00 |                  |
| 680 16 ára og yngri á 225.-        | 153.000.00   | kr. 2.907.000.00 |
| 2. Styrkir                         | "            | 80.000.00        |
| 3. Útgáfustarfsemi og aðrar tekjur | "            | 150.000.00       |

Tekjur alls kr. 3.137.000.00



Gjöld:

|                                      |                  |
|--------------------------------------|------------------|
| 1. Laun og launatengd gjöld          | kr. 1.000.000.00 |
| 2. Húsaleiga og skrifstofukostnaður  | " 800.000.00     |
| 3. Þinghald og fundir                | " 260.000.00     |
| 4. Akstur og ferðakostnaður          | " 220.000.00     |
| 5. Æskulýðsstarf                     | " 295.000.00     |
| 6. Landsdómaranámskeið               | " 100.000.00     |
| 7. Lagfæring á kvikmyndum fyrri móta | " 100.000.00     |
| 8. Kostnaður við áningahólf L.H.     | " 50.000.00      |
| 9. Vaxtagjöld umfram tekjur          | " 100.000.00     |
| 10. Afskriftir                       | " 20.000.00      |
| 11. Óráðstafað                       | " 192.000.00     |

Gjöld alls kr. 3.137.000.00

Álit fræðslu- og útgáfunefndar:

Framsögumaður Guðrún Fjeldsted. Engin tillaga lá fyrir nefndinni, en eftirfarandi mál voru tekin fyrir.

1. Þórir Magnús Lárusson sagði frá undirbúningsvinnu að stofnun reiðskóla á Íslandi. Hugmyndin er sú að þar verði hægt að velja hinar ýmsu greinar hestamennsku, menn gætu hugsanlega valið sér sérsvið, t.d. járnningar, tamningar o.s.frv. Nefndin vildi leggja áherslu á nauðsyn þess að koma á kennslu í leiðsögn á skipulögðum hestaferðum.
2. Nefndin taldi að það væri mjög mikilvægt að áður framkomin hugmynd um að útbúa kennslumyndbönd, þar sem tekið verður á öllum byrjunaratriðum hestamennskunnar verði hrint í framkvæmd hið fyrsta. Nefndin leggur til að fengnir verði hæfir aðilar til að skrifa handrit um hvern einstakan þátt t.d. járnningar, fóðrun, hirðingu, ferðalög og fl. og fl.
3. Fram kom að leggja bæri meiri áherslu á að brýna fyrir fólki hirðingu á reiðtygjum. Halda mætti námskeið þar að lútandi.
4. Í júní næstkomandi verður haldið æskulýðsmót á vegum F.E.I.F. íslenskum unglingum hefur verið boðin þátttaka. Nefndin óskar eftir að þessu verði komið á framfæri í félögunum. Til máls tók Sigurður Sigmundsson. Nefndarálitið þurfti ekki frekari umfjöllun.

Álit ferðanefndar:

Framsögumaður Pjetur N. Pjetursson. Þingskjal nr. 9. Hestamannafélagið Dreyri skorar á stjórn L.H. að knýja á við Vegagerð ríkisins að fylgt verði eftir samkomulagi frá 7.5.1982 og gengið frá reiðvegum meðfram þjóðvegum með bundnu slitlagi. Vegakaflar í nánd við þéttbýli hafi forgang.

Ferðanefnd ályktaði: Nefndin harmar að samkomulag sem gert var

milli L.H. og Vegagerðarinnar frá 1982 varðandi reiðvegi meðfram stofnbrautum og þjóðbrautum, hafi engan veginn verið framfylgt sem skyldi. Þingið skorar á stjórn L.H. að fylgja því eftir að samstarfsnefndir þessara aðila starfi af fullum krafti. Ennfremur vill nefndin benda á að þar sem reiðbrautir hafi verið lagðar, er víða ábótavant með að komast yfir ræsi, sem ekki hafa verið framlengd undir reiðbrautir. Samþykkt.

Til máls tóku: Stefán Pálsson, Kári Arnórsson, Grímur Gíslason, Guðmundur Valtýsson og Sigurður Sigmundsson.

Eftirfarandi tillaga kom fram. Flutningsmenn Grímur Gíslason og Þorleifur Pálsson:

38. ársþing L.H. ályktar að knýjandi nauðsyn beri til þess að koma í veg fyrir að tjón hljótist af síauknum ferðalögum á hestum yfir hálendi landsins vegna gróðurskemmda. Telur þingið að koma þurfi upp aðstöðu á helstu áningastöðum á hálendinu þar sem fyrir sé snyrtiaðstaða fyrir ferðafólkið sjálft og fóðuraðstaða fyrir hross svo að ekki þurfi á beit að halda. Þessi tillaga var samþykkt og féll þar með niður álit ferðanefndar um sama efni.

Leifur Kr. Jóhannesson óskaði eftir breytingu á dagskrá. Hann bað um fundarhlé kl. 11.30 til að koma á fundi með stjórn L.H. og norðanmönnum. Dagskrárbreytingin var samþykkt með einu mót-atkvæði.

#### Álit kynbótanefndar:

Framsögumaður Haraldur Sveinsson. Kynbótasýningar.

- A. Við val hrossa á fjórðungs- og landsmót verði byggt á einkunnum, en fjöldi ráðist af þeirri hefð, sem skapast hefur á undanförnum árum. Afkvæmahross verði valin inn á mótin eftir kynbótaeinkunn (tölva). Tryggður verði nauðsynlegur aðlögunartími að nýju kerfi.
- B. Verði 4 vetra hryssur sýndar komi þær fyrstar fram í sýningarhópi hryssna.
- C. Hæfileikadómur fari fram við bestu aðstæður á hverjum stað.
- D. Gerður verði greinargóður einkunnastigi, hvar skilgreint sé með skýrum orðum hvers sé krafist við hvert heilt stig við bygginga- og hæfileikadóma. Heimilt verði að skipta hverju stigi í tíu punkta (7,1 - 7,2 - 7,3 o.s.frv.) eftir áhersluþunga dómara. Kannað verði hvort ekki sé betur hægt að samræma dóma á kynbótahrossum og gæðingum. Í því skyni fari fram viðræður á milli sýninganefndar B.fél.ísl. og stjórnar Dómarafélags L.H.
- E. Endurskoða ber reglur um sýningu á ræktunarhópum. Vel kemur til greina að sýna gæðinga undan ákveðnum stóðhestum eða hópa valda á annan hátt.

Tillaga: 38. þing L.H. haldið á Selfossi 30.-31. okt. 1987 leggur áherslu á að kynbótasýningar eiga ekki heima á HM-mótum íslenskra hesta, og að íslendingar taki ekki þátt í þeim.

Til máls tóku um álit og tillöguna: Þorkell Bjarnason og

Kári Arnórsson. Álit kynbótanefndar og tillaga voru samþykkt samhljóða.

Gæðinga- og kappreiðanefnd:

Guðmundur Jónsson. 38. ársþing L.H. haldið á Selfossi 30.-31. okt. 1987 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um gæðingakeppni.

2. liður 17.gr. IV. kafla fellur niður og í hans stað kemur:

A-flokkur:

Í upphafi úrslitakeppni í A-flokki skulu eftirfarandi atriði lesin upp fyrir keppendur: Úrslit í A-flokki skulu fara þannig fram: Sýna skal tölt upp í milliferð, tvo hringi til hvorrar handar. Brokk tvo hringi til hvorrar handar. Sýna skal brokk minnst tvær langhliðar til að fá fullan dóm. Sýna skal tvo skeiðspretti. Á milli atriða, og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda. Heimilt er að ríða fram úr.

B-flokkur:

Í upphafi úrslitakeppni í B-flokki skulu eftirfarandi atriði lesin upp fyrir keppendur: Úrslit í B-flokki skulu fara þannig fram: Sýna skal hægt tölt, tvo hringi til hvorrar handar. Brokk skal ríðið með hraðanum tvo hringi til hvorrar handar. Að lokum skal sýna greitt tölt, einn hring til hvorrar handar. Á milli atriða, og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja hesta sína niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda. Heimilt er að ríða fram úr. Þingskjal þetta sem var nr. 3 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 4:

38. ársþing L.H. haldið á Selfossi 30.-31. okt. 1987 samþykkir reglur um gæðingakeppni, viðauki við 13. grein. Á eftir setningunni, sem endar á orðunum "sýnir þau atriði, sem dæma skal" komi eftirfarandi: Noti sýnandi 175 m brautina áður en hann hefur lokið þremur hringjum, ber honum að ljúka sýningu á skammhlið. Samþykkt samhljóða.

Þá lýsti nefndin fullum stuðningi við hugmyndir Brynjólfs Sandholt varðandi veðreiðar á Íslandi.

Nefndin lagði til að tillaga á þingskjali nr. 7 um nýjan flokk í gæðingakeppni, þ.e. í flokki unglunga 16-18 ára verði felld.

Var það samþykkt án mótatkvæða.

Varðandi álit millipínganefndar L.H. er varðar kappreiðar, leggur nefndin til að liður 5 í áliti millipínganefndarinnar falli út, en eftirfarandi verði samþykkt: Sett verði ströng tímamörk á kappreiðahross einkum á landsmótum og geti hross aflað sér keppnisréttar á félagsmótum, áðurnefndum svæðamótum eða með öðrum orðum þeim hætti, sem stjórn L.H. samþykkir. Eigi færri en fimm hross í hverri grein hljóti verðlaun. Unnið verði að því, að veðbankastarfsemi fari fram á fjórðungs- og landsmótum. Samþykkt samhljóða.

Þá bar gæðinga- og kappreiðanefnd fram eftirfarandi tillögu, sem er breyting á 17. gr. kappreiðalaga:

Sprettfæri skeiðhesta skal vera 150 og 250 m og er þeim frjálst



að fara af stað á stökki eða skeiði fyrstu 50 metrana, en þeir verða að liggja á skeiði, það sem eftir er sprettinum. Ekki má sami hestur keppa á báðum vegalengdunum á sama móti. Þegar hesti fatast skeið eða hleypur upp, skal knapinn gæta þess að trufla ekki hesta þá, er liggja á kostum. Ef knapi brýtur þessa reglu, er dómnefnd heimilt að vísa honum frá keppni.

#### Álit allsherjarnefndar:

Framsögumaður Árni Jóhannsson. 38. ársþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi dagana 30. Og 31. okt. 1987, vekur athygli á misjöfnum búnaði til hestaflutninga hérlandis. Af því tilefni skorar þingið á stjórn L.H. að láta vinna nánari reglur í samráði við yfirdýralækni um hrossaflutninga og búnað flutningataekja, þannig að meðferð hrossa verði sem best tryggð. Jafnframt er bent á reglur, sem nú eru í gildi um flutninga á búfé.

Til máls tóku Þorleifur Pálsson, Sveinn Jónsson og Skúli Kristjónsson. Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### Álit mótanefndar:

Framsögumaður Stefán Pálsson.

1. Vegna gæðingakeppni á fjórðungs- og landsmótum. Fjöldi gæðinga á landsmót verði ákveðinn í sameiningu af stjórn L.H. og framkvæmdanefnd sbr. 5. gr. í reglum um framkvæmd landsmóta. Eftirfarandi atriði verði höfð til viðmiðunar. Fjöldi gæðinga miðist við 1 hest í hvorum flokki fyrir tiltekinn fjölda félagsmanna, þó þannig að hvert félag eigi ávallt rétt á að senda hest í hvorn flokk. Heimilt verði að ákveða, sem tilmæli til félaga að senda ekki hesta, sem ná ekki tiltekinni lágmarkseinkunn. Heimilt verði að ákveða að allir gæðingar, sem ná tiltekinni einkunn eigi rétt á að koma inn á landsmót. Við val gæðinga er gert ráð fyrir að dómnefndir verði skipaðar a.m.k. þrem dómurum og séu allir með dómaraáttindi og þar af minnst einn með landsdómaraáttindi.

- II. Úrtaka vegna unglingakeppni gerist eftir svipuðum leiðum og úrtaka gæðinga.

- III. Hætt verði sérstakri kynningu hesta í dagskrá.

Til máls tóku Guðmundur Sigurðsson og Stefán Pálsson. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu. Eftirfarandi atriði úr millipinganefnd L.H. voru samþykkt samhljóða.

VI. Hópreið. Hópreið fjórðungs- og landsmótanna verði ávallt gerð eins fjölmenn og völdug og fært bykir vegna reglu og skipulags og ekki sé neins konar keppni eða tilgerð í hana blandað. Hún sé fyrst og fremst tákn um lifandi tengsl fjöldans við hestinn.

VII. Almenn atriði: A. Öll sýninga- og keppnishross beri númer, hið sama og er í mótskrá á vel áberandi stað, þar sem glögggt má sjá úr fjarlægð, líklega best á báðum síðum aftan við hnakklöfin eða á beisli.

B. Kynning sýningagripa og atriða verði stórbætt, einkum fyrir erlenda gesti. Séu til þess fengnir vel skýrmæltir menn með gott vald á einu eða tveimur erlendum tungumálum. Viðhöfð sé sú regla, að allar kynningar og leiðbeiningar séu stuttar og glöggar án málskrúðs. Stutt almenn kynning fari fram fyrir erlenda gesti t.d. við upphaf sýningaratriða á þar til ákveðnum stað á mótssvæðinu.

C. Niðurröðun atriða í dagskrá verði gerð meira en verið hefur með hliðsjón af því, að fólk geti valið daga eða dagstundir eftir áhugasviði sínu, en þurfi ekki alltaf að vera bundið við vegna of blandaðrar dagskrár. Hugað verði að meiri og fjölbreyttari kvölddagsskrá, sem vekur gleði og skemmtun.

D. Mótin séu ekki látin deyja út svona hægt og hljóðlaust, sem tíðkast hefur, heldur ljúki þeim með spennandi sýningu eða keppni þannig, að fólk yfirgefi staðinn með gleði í sinni og hita í brjósti.

E. Hugað verði að því að nota tónlist miklu meira en gert hefur verið við ýmis sýningaratriði s.s. hópreið, ræktunarhópa og sérstakar gæðingasýningar, en mikilvægt er að kunnáttufólk velji tónlist við hæfi hvers atriðis.

#### Þingskjal nr. 5.

38. ársþing L.H. á Selfossi 30. og 31. okt. 1987 samþykkir svofellda breytingu á reglum um landsmótahald, sem samþykktar voru á síðasta ársþingi

1. liður reglugerðarinnar orðist þannig:

"Ársþing L.H. velur stað fyrir landsmót hverju sinni, að fenginni tillögu frá stjórn L.H. Skal það gert á ársþingi árið eftir síðasta landsmót."

Verði þessi breyting samþykkt, óskar stjórn L.H. eftir því að ársþing 1987 greiði atkvæði um tillögu þá, sem stjórnin hefur þegar samþykkt um landsmótsstað 1990 og gert var samkvæmt núgildandi reglum. Tillagan var felld með yfirgnæfandi fjölda greiddra atkvæða gegn einu.

#### Kosningar.

Varaformaður var kosinn Skúli Kristjánsson með 81 atkvæði. Sverrir Hallgrímsson hlaut 18 atkvæði. Auðir seðlar voru þrír.

Leitað var eftir afbrigðum með þingsköp og voru gjaldkeri og ritari endurkosnir með lófataki.

Kosið var í varastjórn. Ármann Gunnarsson gaf ekki kost á sér. Stungið var upp á Ingimar Ingimarssyni.

Kosningu hlut:

Sigbjörn Björnsson með 81 atkvæði.  
Sveinn Jónsson með 81 atkvæði.  
Guðmundur Jónsson með 81 atkvæði.  
Sigfús Guðmundsson með 78 atkvæðum.  
Ingimar Ingimarsson með 76 atkvæðum.

Dregið var um röð þeirra sem urðu jafnir að atkvæðafjölda.

11 aðrir fengu 1-3 atkvæði. 12 seðlar voru auðir.

Endurskoðendur voru endurkjörnir með lófataki.

Þingstörf. Formaður L.H. þakkaði þeim sem erindi fluttu á þinginu. Þá tilkynnti hann að næsta árþing yrði í Reykjavík í boði hestamannafélagsins Fáks. Hann ræddi ennfreður átök þau, sem orðið hafa á þinginu. Ennfremur þakkaði hann starfsmönnum þingsins og Sleipnisfélögum undirbúning þingsins. Að svo mæltu sleit formaður þinginu og óskaði þingflokknum góðrar heim ferðar.

Snorri Ólafsson,  
Eggert Pálsson,  
þingforsetar.

Albert Jóhannsson, aðalritari,  
Karen Jónsdóttir,  
Jón Vigfússon,  
Jóhanna Kristjánsdóttir,  
Sesselja Guðjónsdóttir,  
þingritarar.



---

# MYNDBÖND

frá eftirtöldum  
Landsmótum  
hestamanna

*Hellu*  
*1986*


---

*Vindheimamelum*  
*1982*

---

*Skógarhólum*  
*1978*

Í morgun  
ljómann...



**Saga L.H. í 35 ár**

*Skráð af  
Steinþóri Gestssyni á Hæli*